



HAFNARFJARÐARBÆR

UB-verkefnið

Læsi sem samfélagslegt verkefni

Fræðsluráð Hafnarfjarðar – 26. september 2018

Bjartey Sigurðardóttir, verkefnisstjóri *Lestur er lífsins leikur*

Lestur sem samfélagslegt verkefni – útvíkkun læsisstefnunnar

Að börn verði vel læs er mikilvægt samfélagslegt verkefni:


- Leik- og grunnskólar
- Foreldrar ungra barna (6 – 24 mánaða)
- Foreldrar leik- og grunnskólabarna
- Frístundaheimilin
- Dagforeldrar
- Bókasafn Hafnarfjarðar
- Heilsugæslan í Hafnarfirði

Fræðsla til foreldra barna á aldrinum 6 – 24 mánaða um málþroska og læsi



- **Hvers vegna fræðsla?**
 - Vaxandi áhyggjur af því að börn komi inn í leikskólana með slakari málþroska og fátæklegri orðaforða en áður var.
 - Umsagnir leikskólakennara og talmeinafræðinga sem vinna á vettvangi.
 - Niðurstöður mælinga með *Orðaskilum – málþroskapróf.* - Staðlaður orðaforðagátlisti sem er lagður fyrir öll þriggja ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.
- **Hvað gæti valdið þessum breytingum?**
 - Ýmsar samfélags- og tæknibreytingar sem geta haft áhrif á samskipti inni á heimilum/ milli foreldra og barna:
 - Aukin áhrif ensku t.d í gegnum myndbönd og tónlist.
 - Snjalltækjavæðing og stafrænir miðlar, t.d. öpp með ensku tali.
 - Snjalltækin sem „barnapía“.
 - Snjalltækjanotkun foreldra sem leiðir til minni samskipta foreldra og barna sem byggja á gagnvirkni í tjáskiptum.

Orðaskil – Öll þriggja ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar



Börn í áhættuhópi:

- 2015-2016:
318 börn 39,62 %
- 2016-2017:
359 börn 39,55 %
- 2017-2018:
363 börn 40,22 %

Fræðsla til foreldra ungra barna í Hafnarfirði

Tilraunaverkefni

- Samstarf Fræðslu- og frístundapjónustu við Bókasafn Hafnarfjarðar og ungbarnaeftirlitið um að styðja við foreldra ungra barna hvað varðar málþroska og undirstöðupætti læsis.
- Verkefnið hefur það að markmiði að fræða foreldra ungra barna um þróun málþroska og hvernig hægt er að styðja við hann á markvissan hátt.
- Foreldrum/forráðamönnum 6 – 24 mánaða barna er boðið á fræðslufyrirlestur um málþroska og undirstöðupætti læsis. Fundirnir eru haldnir í grunnskólum bæjarins og verða foreldrar boðnir á fund í sínu skólahverfi.
 - Fyrirlestur - bókagjöf – (bókataska) – bókasafnsskírteini fyrir barnið - bæklingur um mál og læsi.

Hvernig fræðsla verður í boði?

- Stutt fræðileg umfjöllun um málproska og læsi:
 - Grunnþættir málproskans - að þekkja helstu frávik.
 - Þróun málproskans frá 0 – 2ja ára.
 - Undirstöðupættir læsis – hvernig grunnurinn er lagður í bernsku.
- Hagnýt umfjöllun um málörvun:
 - Mikilvægi gagnvirkra tjáskipta frá fæðingu.
 - Mikilvægi þess að hafa nægt ílag á viðkomandi tungumáli (íslenska/móðurmál – enska)?
 - Er nóg að eiga stakar gæðastundir þar sem málörvun á sér stað?
 - Hvernig hægt er að nýta daglegar aðstæður til málörvunar.
 - Mikilvægi bóklesturs.
 - Notkun snjalltækja og hugsanleg áhrif þeirra á málproska barna.

Lestur er lífsins leikur

Fræðslufundur um mikilvægi málþroska Fyrir foreldra 6 - 24 mánaða barna í Hafnarfirði

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að góður málþroski er mikilvæg undirstaða fyrir læsi og styður við góðan námsárangur

Dagskrá funda

- Fræðsluerindi um málþroska og málörvun flutt af talmeinafræðingum sveitarfélagsins
- Stutt kynning á Bókasafni Hafnarfjarðar og þjónustu þess við börn
- Afhending bókaþjafa og bókasafnsskírteinis fyrir barnið

25. sept	kl. 20:00	Setbergsskóli	
27. sept	kl. 20:00	Víðistaðaskóli	
9. okt	kl. 20:00	Hvaleyrarskóli	
10. okt	kl. 20:00	Hraunvallaskóli	
11. okt	kl. 17:00	Öldutúnsskóli	
18. okt	kl. 17:00	Lækjarskóli	
25. okt	kl. 17:00	Stekkjars	
31. okt	kl. 20:00	Hvaleyrarskóli	Túlkað á pólsku
1. nóv	kl. 17:00	Lækjarskóli	Túlkað á ensku
1. nóv	kl. 17:00	Skarðshlíðarskóli	

Ef fundartíminn hentar ekki er ykkur frjálst að mæta á fund í öðru skólahverfi



Bæklingur um mikilvægi þess að lesa fyrir börn

íslenska – enska - pólska

